

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	kr. 219,00
B. Vatnsgjald pr. m ³	kr. 28,90

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín mánaðarlega, þó er heimilt að láta líða lengri tíma og fækka gjalddögum.

5. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er útgáfudagur reiknings. Gjaldanda ber að greiða reikninginn þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir afnot skv. 3. gr. eru ekki greidd í síðasta lagi á eindaga. Útgáfudagur, greiðslustaður og eindagi eru tilgreindir á reikningi.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Rúmmál húss (utanmál):

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	kr. 68 900,00
Hús 300 - 2000 m ³ að utanmáli	kr. 68 900,00
fyrir 300 m ³ og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 61,31
Hús stærri en 2000 m ³ að utanmáli	kr. 172 000,00
fyrir 2000 m ³ og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 52,80

b) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 m³ húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjalddtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingunni iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari bera 14% virðisaukaskatt nema annars sé getið.

9. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Virðisaukaskattur, 24,5 %, innheimtist samkvæmt lögum þar að lútandi.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1 120,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 482, 10. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

STEFs vegna flutnings tónverka utan útværps.

I. Veitinga- og gistihús.

Undir þennan kafla falla veitinga- og gistihús sem hafa fastan rekstur allan ársins hring eða hluta úr ári.

A. Matsölustaðir án vínveitingaleyfis, þar sem megináhersla er lögð á matsölu og þar sem tónlist er flutt í bakgrunni, skulu greiða sem hér segir:

Staðir með allt að 20 sætum, ársfjórðungslega	kr. 2 500
Staðir með 21–50 sætum, ársfjórðungslega	kr. 4 000
Staðir með 51–100 sætum, ársfjórðungslega	kr. 7 600
Staðir með 101–150 sætum, ársfjórðungslega	kr. 10 100
Staðir með 151–200 sætum, ársfjórðungslega	kr. 12 600
Fyrir hver 100 sæti í viðbót, ársfjórðungslega	kr. 5 000